

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015,  
iðnaðarsvæði í Hellnahrauni og Kapelluhrauni.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að austurhluti iðnaðarsvæðis í Hellnahrauni og Kapelluhrauni sem skilgreindur er sem iðnaðarsvæði til síðari nota er tekinn í notkun. Afmörkun svæðisins breytist og gerðar eru breytingar á legu safnbrauta umhverfis svæðið og vegtengingum inn á svæðið. Svæðið er um 40 ha.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 1. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2006